

Alþingi
Erindi nr. P 136/614
komudagur 20.12.2008

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Tekju- og lagaskrifstofa

20. desember 2008

Minnisblað um tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi

Stimpilgjöld eru afar sveiflukenndur tekjustofn fyrir ríkissjóð. Árið 2004 verða ákveðin vatnaskil þegar viðskiptabankarnir komu inn á fasteignalánamarkaðinn sem leiddi til þess að tekjur af stimpilgjaldi jukust verulega. Á árinu 2005 náði þessi tekjustofn nýjum hæðum þegar tekjurnar urðu um 9 milljarðar og síðan ríflega 7 milljarðar árið 2006. Á árinu 2007 rauk það upp aftur og námu heildartekjurnar á því ári 9,5 milljarðar króna.

	M.kr.
2002	3.151
2003	3.755
2004	6.470
2005	9.073
2006	7.147
2007	9.484
2008, fjárlög	9.100
2008, endursk.	6.920
2008, endursk.2	6.000
2009, frumvarp	6.600
2009, endursk.	5.000

Í fjárlögum yfirstandandi árs var reiknað með að stimpilgjöld myndu skila ríkissjóði **9,1 milljarði króna** í tekjur á þessu ári. Sú breyting var síðan greidd á lögum um stimpilgjald sl. vor í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum markaði, að stimpilgjald af kaupum einstaklinga á fyrstu fasteign var fellt niður. Sú breyting og minnkandi umsvif á fasteignamarkaði leiddi til þess að við gerð fjárlagafrumvarps í ágúst sl. fyrir árið 2009 var gert ráð fyrir að tekjur af stimpilgjaldi yrðu talsvert lægri á þessu ári en reiknað hafði verið með í fjárlögum, eða 6,9 milljarðar króna. Á þeirri tölu byggði síðan áætlun stimpilgjalds í fjárlagafrumvarpi fyrir 2009 að fjárhæð 6,6 milljarðar króna. Nú er hins vegar reiknað með að sú fjárhæð verði nær 5 milljörðum króna eða jafnvel lægri.

Ekki liggur fyrir nákvæm flokkun á því hvernig tekjur af stimpilgjaldi skiptast milli einstakra tegunda skjala. Gróf skipting í venjulegu ári er talin vera þessi:

	%
1. Skuldabréf	60
2. Kaupsamningar	20
3. Hlutabréf	5
5. Annað	15

- | |
|---|
| 1. Afsalsbréf fyrir fasteignum, sbr. 16. gr., eða kaupsamningar um slíkar eignir, sbr. 18. gr. |
| 2. Afsalsbréf fyrir skipum yfir 5 brúttósmálestum, sbr. 16. gr., eða kaupsamningar um slíkar eignir, sbr. 18. gr. |
| 3. Leigusamningar um jarðir og lóðir, sbr. 20. gr. |
| 4. Heimildarskjöl um veiðiréttindi (í tengslum við fastagnir), sbr. 20. gr. |
| 5. Skjöl sem leggja ítök, skyldur eða kvaðir á annars eign, sbr. 20. gr. |
| 6. Erfðafestubríf sem veita ekki heimild til að selja eða veðsetja eign, sbr. 20. gr. |
| 7. Hlutabréf og skilríki fyrir eignahluta í öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð en hlutafélag, sbr. 21. og 22. gr. |
| 8. Félagssamningar félaga með ótakmarkaða ábyrgð, sbr. 23. gr. |
| 9. Skuldabréf og tryggingarbréf, sbr. 24. gr. |
| 10. Víxlar og aðrar samþykktar ávísanir en tékkar, sbr. 27. gr. |
| 11. Vátryggingarsamningar, sbr. 30. gr. - mism. Sjá rg.nr. 219/1979 |
| 12. Kaupmálar, sbr. 31. gr. |